

## LÖG

### um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefnist það borgarráð.

2. gr.

4. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Í sveitarstjórnnum, sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands og að fenginni umsögn heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda.

2. gr.

Fyrirsögnin í staflið G í III. kafla laganna verði:

*Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.*

## 3. gr.

16. gr. hljóði svo:

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða lækni sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Nú telur lækni að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal lækni þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlækni skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlækni og Læknafélags Íslands.

## 4. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:

Verði lækni í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Hljótist skaði af læknisverki skal lækni sá sem verkið vann eða yfirlækni tilkynna það til landlækni.

c. Við greinina bætist við ný mgr. er orðist svo:

Ráðherra setur reglur um meðferð landlækni á málum skv. 2. og 3. mgr.

## 5. gr.

26. gr. hljóði svo:

Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Heilbrigðisráðherra getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi lækni og samkvæmt meðmælum landlækni, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*